



Borgarráð

Esjumelar, útboð lóða.

Óskað er eftir að borgarráð samþykki að lóðir á Esjumelum við Vesturlandsveg samkvæmt samþykktu deiliskipulagi verði seldar með útboðsfyrirkomulagi.

Greinargerð: Deiliskipulag fyrir Esjumela í landi Varmadals var samþykkt með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda þann 28. okt. 2016. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir fjölbreyttu framboði lóða af mismunandi stærðum og gerðum í samræmi við aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030. Stærð svæðisins er um 85 hektarar og er aðkoma að svæðinu um Vesturlandsveg. Stærð lóða er mismunandi, allt frá 2.800 fermetrum upp í 55.000 fermetra og er heildarfjöldi lóða samtals 81 á svæðinu.

Svæðið er skilgreint þannig að á því megi fyrst og fremst vera iðnaður og önnur starfsemi sem ekki hefur teljandi mengunarhættu í för með sér, s.s. verkstæði, gagnaver og vörugeymslur, léttur iðnaður, bílasölur og umboðs- og heildverslun. Einnig er gert ráð fyrir atvinnustarfsemi sem þarf mikið rými til að mynda vinnusvæðis utandyra á lóðum eða starfsemi sem hefur í för með sér þungaflutninga svo sem vörugeymslur og matvælaiðnað. Gert er ráð fyrir að áfangaskipta sölu lóðanna eftir söluframvindu og hraða við frágang gatnagerðar á svæðinu.

Í ljósi aukinnar eftirspurnar eftir atvinnulóðum er lagt til að fram fari útboð á lóðum á Esjumelum í fyrsta söluáfangi.

Hrólfur Jónsson